




# Skjástillingar í Android



Farið er í  
**Stillingar → Skjár**




Þar er hægt að velja hvort nota eigi *Dökkt þema* eða *Ljóst þema*.



Ljóst þema er með hvítan bakgrunn og svartan texta og dökkt þema er með svartan bakgrunn og hvítan texta.


## Leturstærð og stíll

Hægt að stækka letur, feitletra og breyta um leturstíl.



## Tími skjávara

Skjávarinn, þ.e. tíminn sem helst kveikt á skjánum þegar verið er að lesa á honum er forstilltur á 30 sekúndur. Hægt er að breyta því með því að fara inn í **Tími skjávara** og velja þann tíma sem maður kýs.



## Einföld útgáfa

Í einfaldri útgáfu þá breytist uppsetning skjámynda þannig að myndir/tákn fyrir forritin stækka og það verða þá þrjár myndir lárétt og fimm myndir lóðrétt. Þegar síminn er upphaflega settur upp eru oftast fimm myndir lárétt.

